

SE ehf.

Kt.: 530208-0600

Heimilisfang: [...]

Akureyri, 29.04.2026

Tilv. 2026-01-06-0100

(áður 2024-10-16-1310)

Efni: Svipting veiðileyfis. Brotkast. Dragnótaveiðar. Egill ÍS-77 (2340).

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætluð brot áhafnar, eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Egill ÍS-77, skipaskrárnúmer 2340, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, þann 1. október 2024. Lögskráður skipstjóri var A, kt. [...]. Málsaðili er útgerð skipsins, SE ehf., kt. 530208-0600.

I. Málsatvik

Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 1. október 2024, segir að sama dag hafi eftirlitsmaður Fiskistofu verið við eftirlit í Dýrafirði. Hann hafi veitt því athygli að fiskiskipið Egill ÍS-77 (2340) hafi verið við dragnótaveiðar á svæðinu, og hafi sent ómannað, fjarstýrt loftfar búið myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Loftfarinu hafi verið flogið frá Alviðru skammt frá Núpi um kl. 11:33 og flogið um 3 km að skipinu sem var við veiðar utarlega í firðinum. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst hafi eftirlitsmaður orðið vitni að því að skipverjar hafi varpað afla útbyrðis, og hafi hann þá virkjað upptöku. Tekin voru upp tvö myndbönd og á þeim sést þegar skipverjar varpa allt að hundrað sjötíu og níu tegundagreindum fiskum (179), sem komið höfðu í veiðarfæri, útbyrðis og aftur í sjó, þ.e. hundrað sjötíu og átta (178) skarkolum og einni (1) ýsu. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa ekki hirt og landað framangreindum afla, sem kom í veiðarfæri fiskiskipsins þann 1. október 2024.

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Þá segir í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 að skipstjóra fiskiskips sé skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega og tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, í 1-12 vikur eftir eðli og umfangi brots, skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.



III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort áhöfn fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340), eftir atvikum útgerð skipsins, hafi gerst brotleg gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, þann 1. október 2024. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 13. ágúst bárust Fiskistofu athugasemdir málsaðila.

Málsaðili andmælir ekki málsatvikum eins og þeim er lýst að framanverðu. Málsaðili kvað þann skarkola sem sleppt var hafi verið smákoli, en hann hafi verið það lítil að ekki var unnt að slægja hann. Ástæða þess að honum hafi verið sleppt sé að hann lifi áfram í sjónum þó honum sé sleppt. Að mati áhafnarmeðlima þótti þetta eðlilegri framkvæmd í stað þess að koma með aflann að landi þar sem honum yrði síðar hent, en skarkoli í þessari stærð sé verðlaus og enginn kaupandi að aflanum. Það var því talið þjóna frekar markmiðum laga um vernd fiskistofna að gefa skarkolanum framhaldslíf og möguleika á að stækka. Málsaðili vakti athygli á því að Hafrannsóknarstofnun viðhefur sömu framkvæmd varðandi smákola sem koma í dragnótarveiðarfæri við þeirra rannsóknarstörf. Að sögn málsaðila hafi ýsan væntanlega slægst með smákola. Með vísan til framangreindra sjónarmiða óskaði málsaðili þess að viðurlögum yrði ekki beitt. Verði Fiskistofa ekki við því krafðist málsaðili þess að vægustu viðurlögum verði beitt, þ.e. áminningu sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Áhöfn fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340) varð uppvís að brottkasti við eftirlit veiðieftirlitsmanns Fiskistofu í Dýrafirði þann 1. október 2024. Á þeim myndbandsupptökum sem mál þetta varða sést þegar allt að 179 fiskar, þ.e. 178 skarkolar og einni ýsu, sem komu í veiðarfæri, féllu útbyrðis af hendi áhafnar skipsins, í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Málsaðili véfengir ekki málsatvik eins og þeim er lýst að framanverðu en telur hins vegar að um smákola hafi verið að ræða, sem hafði ekkert verðgildi. Framferði áhafnar hafi að sögn málsaðila verið í samræmi við markmið um vernd fiskistofna þar sem smákolinn lifir áfram í sjónum þó honum sé sleppt.

Með breytingarlögum nr. 13/2002 sem lögfest voru þann 26. febrúar 2002 voru gerðar breytingar á 2. gr. laga nr. 57/1996 í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit með brottkasti afla. Fyrir breytinguna var heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur var, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um væri að ræða. Þá var heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sættu takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafði viðkomandi tegund ekki verðgildi. Þessi undanþága var afnumin með þeim hætti að nú er skv. gildandi lögum óheimilt að henda slíkum fiski aftur í hafið heldur er skylt að koma með hann að landi og að slíkur fiskur reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, enda verði hann einungis nýttur til bræðslu. Ástæða þess að þessarar breytingar var fyrst og fremst sú að þágildandi heimild til að kasta fiski fyrir borð í ákveðnum tilvikum gerði allt eftirlit með brottkasti afla mjög erfitt. Þá var einnig talið heppilegt að fá allan afla að landi.

Sé afli komin í veiðarfæri fiskiskips þá er brotið fullframið ef þeim afla er aftur varpað/kastað í sjó, eða afli lendir með öðrum hætti aftur í sjó, af völdum saknæmrar háttsemi hlutaðeigandi áhafnar fiskiskips. Þær myndbandsupptökur sem liggja fyrir í málinu sýna áhöfn skipsins varpa aftur í sjó þeim tilgreinda afla sem kom í veiðarfæri skipsins. Skarkoli og ýsa eru tegundir nytjafiska sem lúta takmörkun á leyfilegum heildarafla í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 sbr. 2. mgr. 8. gr. sbr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og 2. gr. þágildandi



reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025 nr. 817/2024. Manneldismarkaður er fyrir tegundunum (skarkoli og ýsa) og því geta þær ekki talist án verðgildis í skilningi 1. mgr. 2. gr. framangreindrar reglugerðar. Af þeim sökum gilda undantekningarákvæði reglugerðar nr. 468/2013 ekki um skarkola og ýsu. Um tegundirnar gildir því skýr skylda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til að hirða þær og landa, og er enn fremur lagt afdráttarlaust bann við því að varpa þeim fyrir borð, eftir að þær hafa komið í veiðarfæri fiskiskips. Ástand og stærð afla leysir áhöfn ekki undan skyldu sinni til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu. Skipstjóra er jafnframt heimilt að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins (VS-afli). Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiárinu og er bundið frekari skilyrðum eins og kveðið var á um í þágildandi 11. gr. reglugerðar nr. 817/2024. Með vísan til framangreinds var áhöfn fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340) skylt að hirða og landa öllum þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins umræddan dag, hvort sem hann var lítill, með lífsmarki, flóétinn, illseljanlegur, kraminn eða skemmdur á annan hátt, nema fyrir hendi hafi verið heimild eða skylda til að sleppa afla samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, s.s. í reglugerð nr. 468/2013, en svo var ekki í tilviki málsaðila. Af því sem rakið hefur verið hafnar Fiskistofa athugasemdum málsaðila.

Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um meint brot áhafnar Egils ÍS-77 (2340). Ekkert hefur komið fram í málinu sem dregur skýrslu veiðieftirlitsmanns eða önnur gögn málsins í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim hefur verið lýst að framanverðu að öðru leyti en að telja brottkast á smákola hafa verið í samræmi við markmið verndun fiskistofna. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gilda í stjórnslumálum en um þau gilda almennar sönnunarreglur. Myndböndin sýna með skýrum hætti að skipverjar vörpuðu tilgreindum afla fyrir borð af fiskiskipinu Egill ÍS-77 (2340) þann 1. október 2024, með því að beina honum út um rennu. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikið vægi til stuðnings skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun um hvort brot hafi verið framin og hver séu viðeigandi viðurlög. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð, með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanns, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340), hafi brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tilgreinda afla sem að framan er getið, og komið hafði í veiðarfæri, í veiðiferð skipsins þann 1. október 2024.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340), braut gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, með því að varpa afla (179 fiskar) fyrir borð, sem kom í veiðarfæri skipsins þann 1. október 2024.

Í 1. mgr. 15. gr. segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki

lengur en eitt ár. Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem komi í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í máli þessu er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli (sóknartegundir, s.s. ýsa og þorskur) var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Af þeim sökum telur Fiskistofa liggja ljóst fyrir að brotin höfðu fjárhagslegan ávinning í för með sér fyrir málsaðila. Ávinningur hafi þó ekki verið umfangsmikill með hliðsjón af magni þess afla sem féll útbyrðis og með hliðsjón af tegundum veiða og aflamarki skipsins á síðasta fiskveiðiári. Brotin ógnuðu hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu. Með brotum áhafnar Egils ÍS-77 (2340), var framangreindum hagsmunum ógnað.

Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð á stuttum tíma á meðan eftirliti stóð í veiðiferð skipsins þann 1. október 2024, þ.e. 179 fiskar á tæpum fjórum mínútum. Jafnframt lítur Fiskistofa til ámælisverðrar framgöngu skipverja, verknaðaraðferðar, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að og magn þess afla, sem skipverjar vörpuðu útbyrðis í umsjá sinni í trássi við settar háttænisreglur í lögum og þá athafnaskyldu sem á þeim hvíldi. Á þeim myndbandsupptökum er liggja fyrir í málinu sést til þriggja skipverja að störfum um borð þar sem þeir eru að flokka afla. Af málsatvikum og gögnum málsins má ætla, að skipverjar flokkuðu afla, sem komu í veiðarfæri, eftir tegundum, stærð og verðgildi, og látið hjá líða að hirða verðminni afla sem þeir hentu útbyrðis á stjórnborðshlið skipsins, en hirt vænni afla. Jafnframt má ætla að afli af öðrum tegundum en sóknartegundum, hafi frekar verið varpað útbyrðis en ella, kerfisbundið og af ráðnum hug í skeytingarleysi við lög. Að mati Fiskistofu voru brot áhafnar alvarleg og gefur sterklega til kynna að brottkast með framangreindum hætti sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttænisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmiði þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Við mat á því hvort að um gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til framgöngu áhafnar fiskiskipsins Egill ÍS-77 (2340), í umræddri veiðiferð og ábyrgðar málsaðila sem útgerðaraðila. Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Gera verður þá kröfu til áhafnar að háttsemi hennar og framgangsmáti endurspegli gegnan og skynsaman atvinnusjómann, með hliðsjón af þeim háttænisreglum sem gilda um fiskveiðar hverju sinni. Þá ber málsaðili ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur um framkvæmd fiskveiða á hverjum tíma og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er á ábyrgð útgerðaraðila, að viðhaft sé verklag við veiðar sem sé í

samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann gerir út til að tryggja forsvaranlega og rétta framkvæmd fiskveiða. Að mati Fiskistofu voru brot skipverja framin af beinum ásetningi í andstöðu við háttarnisreglur laga.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um ótæk brot sé að ræða, framin á skömmum tíma og til hagsbóta fyrir málsaðila, og voru brotin alvarleg með hliðsjón af magni afla sem féll frá borði á stuttum tíma. Að öllu framangreindu eru brot áhafnar skipsins talin meiriháttar í skilningi laga nr. 57/1996 og af þeim sökum kemur hvorki áminning né lágmarkssvipting til greina, þó svo um fyrsta brot sé að ræða. Við ákvörðun Fiskistofu um viðurlög lítur stofnunin til stjórnarsýsluframkvæmdar í sambærilegum málum, s.s. ákvörðun Fiskistofu frá 19. desember 2022, í máli 2022-01-21-1157, þar sem skip málsaðila var svipt veiðileyfi í fjórar vikur vegna brottkasts á 219 fiskum í tveimur aðskildum veiðiferðum og ákvörðun Fiskistofu frá 26. janúar 2023, í máli 2022-09-09-2151, þar sem skip málsaðila var svipt veiðileyfi í þrjár vikur vegna brottkasts á 76 fiskum. Nokkur dráttur hefur orðið á meðferð málsins hjá Fiskistofu sem málsaðila verður ekki um kennt og tekur ákvörðun Fiskistofu um viðurlög mið af því. Að því virtu, með hliðsjón af umfangi og eðli brota og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, telur Fiskistofa, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar, að framangreint brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun lá fyrir í málinu dags. 28. apríl 2026 en svipta átti Egil ÍS-77 (2340) leyfis til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur frá og með 29. maí 2026 og til og með 25. júní 2026. Þann 29. apríl 2026 barst Fiskistofu beiðni um flýtingu réttaráhrifa í máli þessu. Fiskistofa féllst á beiðni málsaðila og afturkallar fyrri ákvörðun dags. 28. apríl 2026, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ný ákvörðun, dags. 29. apríl 2026 tekur því gildi.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Egill ÍS-77, skipaskrárnúmer 2340, leyfi til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur (28 daga) frá og með 30. apríl 2026 og til og með 27. maí 2026, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna meiriháttar brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða með dragnót skv. 1. gr. reglugerðar um veiðar með dragnót við Ísland nr. 963/2019. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.



Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.